

ÚTSKRIFT ÚR FUNDARGERÐARBÓK FRÆDSLURÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

132. fundur fræðsluráðs Húnaþings vestra haldinn miðvikudaginn 2. maí kl. 15:00 í leikskólanum Ásgarði og fundarsal ráðhússins.

Mættir undirritaðir.

Dagskrá:

1. Kynning á skólastarfi Ásgarðs (kl.15.00)

- Drög að skóladagatali og starfsemi næsta vetur.
- Viðmiðunarreglur vegna leikskóladvalar utan lögheimilissveitarfélags.

2. Viðræður við skólastjóra grunnskóla í ráðhúsi(kl. 16.15)

Framkvæmd skoðanakönnunar vegna seinkunar á heimaakstri.

3.Álit Menntamálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna fyrirspurnar foreldrafélagsins um ábyrgð á börnum í dreifbýli vegna seinkunar heimaaksturs.

4. Þjóðarsáttmáli um baráttu gegn einelti.

1. Guðrún Lára Magnúsdóttir kynnti skólastarfið á Ásgarði.

Nemendur næsta skólaárs verða 43 og munu því fækka um 21. Skólinn byggir á góður skóli, gjöful framtíð. Frjáls leikur, skapandi starf og tónlist eru leiðarljós leikskólans. Stórt þróunarverkefni er í vinnslu í skólanum sem heitir Leikur er barna yndi og því lýkur 2013. Því til stuðnings eru notuð fræði Mhialy sem byggir á flæði, jákvæðri sálfræði. Rauðigarður þar sem yngstu börnin eru, eru í hefðbundnu hópastarfi. Mikil samskipti eru á milli leikskóla og grunnskóla. Elstu börnin eiga sérstakar vinnustundir. Einnig eru farnar vettvangsferðir og farið í íþróttahús og í sund ásamt ýmsu öðru utan skólans. Jákvæð sálfræði hefur einnig verið notuð fyrir starfsfólk með góðum árangri. Guðrún Lára fór einnig yfir breytingar á starfsmannahaldi, stöðugildum fækkar um rúmlega tvö, deildarstjórar verða tveir næsta vetur og munu því fækka um einn, auk þess sem aðstoðarleikskólastjórastarf verður auglýst. Skóladagatal næsta vetur einnig kynnt. Starfsdagar skólans næsta skólaár verða 28.september, 4.mars og 13. og 14.júni. Fræðsluráð kynnti sér húsnæði skólans. Leikskólinn fékk 2 milljónir frá sveitarstjórn fyrir framkvæmdir á leikskólanum. Fjármagnið verður nýtt í að breyta aðkomu að skólanum til að auka öryggi fyrir börnin. Viðmiðunarreglur vegna leikskóladvalar utan lögheimilissveitarfélags kynntar.

2. Fræðsluráð telur best að senda könnun með netpósti. Tvær spurningar verða lagðar fyrir og einnig gefinn kostur á athugasemdum fyrir hvern og einn svarenda.
3. Álit Menntamálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna fyrirspurnar foreldrafélagsins um ábyrgð á börnum í dreifbýli vegna seinkunar heimaaksturs lögð fram. Megin niðurstaða álitsins er börn séu á ábyrgð skólans frá því að þau fari upp í skólabíl að morgni og þangað til þeim er skilað heim síðdegis. Í skólareglum grunnskóla Húnaþings vestra eiga nemendur ekki að yfirgefa skólalóð á skólatíma. Vegna þessa álits telur fræðsluráð eðlilegt að skólastjóri móti reglur sem komi til móts við nemendur í 7.-10.bekk.
4. Þjóðarsáttmáli um baráttu gegn einelti lagður fram og umræða um einelti. Í grunnskóla Húnaþings vestra var þjóðarsáttmálinn settur í hverja stofu og margir bekkir hafa gert sinn eigin þjóðarsáttmála.

Fundargerð rituð af Eydísi Aðalbjörnsdóttir, fræðslu-og félagsmálastjóra.

Fulltrúi foreldra leikskólabarna Selma Klara Gunnarsdóttir sat fundinn undir málefnum leikskólans. Fulltrúi starfsfólks í grunnskóla Kristín Ólöf Þórarinsdóttir og fulltrúi foreldra grunnskólabarna Erla Björg Kristinsdóttir sátu fundinn undir málefnum grunnskólans.

Fundargerð upplestin og samþykkt
Rakel Runólfssdóttir (sign.),
Gísli G. Magnússon (sign.),
Ólöf Þorsteinsdóttir(sign.),

Fundi slitið kl: 17.02
Hannes Þór Pétursson(sign.),
Valdimar H. Gunnlaugsson(sign.),
Jóhann Ragnarsson (sign.).